

KIRKJUGARÐARÁÐ

5. fundur haldinn mánudaginn 13. janúar 2003

kl. 11:00 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður sem sat fundinn frá kl. 12:15, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs.

Gestir: Hjalti Zóphóniasson skrifstofustjóri í kirkjumálaráðuneytinu og Anna Sigríður Arnardóttir lögfræðingur í kirkjumálaráðuneytinu.

1. Setning fundar

Ragnhildur setti fundinn og bauð gesti velkomna.

2. Kirkjugarðslög ofl.

Hjalti og Anna Sigríður sögðu frá framkvæmd öskudreifingar eftir lagabreytingu. Fram kom að 4 beiðnir hafa borist og búið er að afgreiða þær allar. Nokkrar umræður urðu um skráningu og fyrirkomulag umsókna. Reglugerð og eyðublöð eru í vinnslu í ráðuneytinu. Rætt var fyrirkomulag við gerð reglna um umferð og umgengni í kirkjugörðum. Ráðuneytið er að huga að undirbúningi þeirra. Farið var yfir þær breytingar á kirkjugarðslögum sem tóku gildi 1. maí s.l. Þar eru ýmsir þættir sem þarf að ýta úr vör, t.d. hvernig haga á samskiptum kirkjugarða og sveitarstjórna, kostnaður við útfararkirkjur og reglur þar um og reglugerð um umgengni í kirkjugörðum. Fram kom að hlutverk Kirkjugarðráðs væri í bland að upplýsa sóknarnefndir o.fl. um þær skyldur sem hver og einn hefur skv. lögum.

Ákveðið að mynda vinnuhóp um gerð viðmiðunarreglna um samskipti kirkjugarða og sveitarfélaga. Þessir voru tilkvaddir: Guðmundur Rafn, Valtýr og Þórsteinn.

3. Bréf frá forsætisráðuneytinu

Í bréfi dags. 18. desember 2002 kemur fram að veittar verði kr. 5.080.000 til lagfæringa á kirkjugörðum vegna jarðskjálftaskemmda árið 2000.

4. Styrkir vegna sérfræðiþjónustu frá árinu 2002

Framkvæmdaráð gerði grein fyrir umræddum verkefnum sbr. lista í fundarboði (a.-j.)

- a) Keldnakirkjugarður: Girðingaefti kr. 306.893.-
- b) Hagakirkjugarður í Holtum: Framkvæmdalok við þjónustuhús og lagfæringar á fornum legsteini kr. 128.850.-
- c) Stóra-Núpskirkjugarður: Stækkun kirkjugarðs kr. 232.937.-
- d) Torfastaðakirkjugarður: Umbætur á garði, uppmæling kr. 248.976.-

- e) Keflavíkirkirkjugarður: Hólmsbergskirkjugarður, hönnunarkostnaður kr. 354.427.-
- f) Ingjaldshólskirkjugarður: Skipulag á garði, lýsingarhönnun kr. 249.900.-
- g) Ólafsvíkirkirkjugarður: Minnismerki, hönnun og stækkun kirkjugarðs kr. 158.100.-
- h) Saurbæjarkirkjugarður á Rauðasandi: Ræsa fram garðinn vegna bleytu kr. 179.950.-
- i) Holtskirkjugarður í Önundarfirði: Framkvæmdir við kirkjugarð, hönnun kr. 260.549.-
- j) Hofskirkjugarður við Skagaströnd: Lagæring á kirkjugarði, uppmæling kr. 122.400.-

Samtals framkvæmdakostnaður um 2,4 milljónir króna.

Kirkjugarðaráð samþykkir þessar styrkveitingar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:20.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari